Aðalskipulag Hornafjarðar 1998 - 2018

Tillaga að breytingu vegna breyttrar legu Hringvegar 1 yfir Hornafjarðarfljót og nýrra efnistökusvæða vegna fyrirhugaðra framkvæmda við hann :

Breytingin tekur til þriggja meginatriða :
1. Lega Hringvegar 1 milli Hólms á Mýrum og Skarðshóla í Nesjum og tenginga við hann.
2. Efnistökusvæði sem fyrirhugað er að nýta við byggingu hins nýja vegarkafla.
3. Þverbraut sem fyrirhuguð er á Hornafjarðarflugvelli.

Gerð er grein fyrir breytingunni á þremur skipulagsuppdráttum – hluta Sveitarfélagsuppdráttar, þéttbýlisuppdrætti af Holtabæjum og þéttbýlisuppdrætti af Höfn / Nesjahverfi – og með greinargerð þessari.

Breytingartillögu þessari fylgir ítarleg umhverfisskýrsla skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Þar er lýsing á einstökum liðum breytinganna sem tillagan gerir ráð fyrir og rökstuðningur fyrir þeim.
Breytingartillagan er unnin í kjölfar á umhverfismati vegalagningarinnar sem Vegagerðin hefur staðið fyrir skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í skýrslu sem unnin hefur verið vegna málsins er ítarlega gerð grein fyrir einstökum liðum framkvæmdanna sem samrýmast mun hinu breytta skipulagi skv. tillögunni, og áhrifum þeirra.

1. Lega Hringvegar 1 milli Hólms á Mýrum og Skarðshóla í Nesjum og tenginga við hann.

Legu vegarins er breytt frá staðfestu aðalskipulagi. Á Mýrum er veglínan flutt úr núverandi legu Hringvegar 1, suður fyrir Holtabæina, og beint að brúarstæði á Hornafjarðarfljótum lítið eitt sunnar en áformað var. Veglínunni er hliðrað lítillega til suðurs í Skógey, og legu hennar milli Skógeyjar og Hafnarness er breytt lítillega. Austan Hafnarness, að Skarðshólum er línunni hliðrað lítillega, nálægt áður áformaðri legu.
Afleggjari að Hafnarbraut milli Stekkakletts og Stekkaness er lagður af. Núverandi kafli Hringvegar 1 frá gatnamótum við veg að Höfn, að Skarðshólum er lagður af.
Með breytingum á veglínunni er leitast við að ná betri lausnum á vegtækni, tryggja umferðaröryggi, og laga veginn betur að landslagi og staðháttum.

2. Efnistökusvæði.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir nokkrum breytingum á efnistökusvæðum. Alls er fyrirhuguð efnistaka á 10 svæðum til framkvæmda við nýjan veg yfir Hornafjarðarfljót. Mörkum nokkurra svæða sem skilgreind eru í staðfestu aðalskipulagi er breytt og öðrum er bætt við.

Efnistökusvæði vegna fyrirhugaðra vegalagningar yfir Hornafjarðarfljót eru eftirfarandi :
1. Jökulsáreyrar Hólmsár, efnistökusvæði á gildandi aðalskipulagi, en mörk þess víkkuð lítillega. Mikið efnismagn er á eyrum og í farvegi Hólmsár og hefur verið tekið efni þar á nokkrum stöðum. Efnið verður grófara eftir því sem ofar dregur í farveginum en val á efnistökustað mun ráðast af stærð og gæðum efnisins.
2. Jökulsáreyrar Djúpár. Þarna hefur verið tekið efni á nokkrum stöðum. Mölin í áreyrunum verður grófari eftir því sem ofar dregur en val á efnistökustað mun ráðast af stærð og gæðum efnisins. Hluti Djúpár er efnistökusvæði á gildandi aðalskipulagi, en með breytingartillögunni verður það víkkað verulega.
3. Árkeila Grjótár ofan og neðan brúar. Nýtt efnistökusvæði – ekki á gildandi aðalskipulagi. Í keilunni er frágengin náma en Landgræðslan notaði efni þaðan í garðana meðfram Hornafjarðarfljótum í kringum 1980.
4. Jökulsáreyrar Austurfljóta, efnistökusvæði á gildandi aðalskipulagi. Þar er opin náma sem Vegagerðin hefur unnið efni úr.

5. Aurar Hornarfjarðarfljóta, nýtt efnistökusvæði – ekki á gildandi aðalskipulagi – milli núverandi brúar og fyrirhugaðrar brúar, þar sem búast má við að hentugt verði að vinna fínkorna efni.
6. Skógey – klapparholt, nýtt efnistökusvæði – ekki á gildandi aðalskipulagi. Að mestu ógróið klapparholt til vinnslu á fremur grófu efni.
7. Friðsæld – skriða og aurkeila, efnistökusvæði á gildandi aðalskipulagi..
8. Áreyrar Fjarðará í Lóni, ofan brúar á Hringvegi, nýtt efnistökusvæði – ekki á gildandi aðalskipulagi. Þarna var áður tekið efni í burðarlag fyrir jarðgangnaframkvæmdir undir Almannaskarð.
Á gildandi aðalskipulagi er efnistökusvæði á aurum Fjarðarár neðan brúar.
9. Árkeila í mynni Slaufrudals í Lóni, nýtt efnistökusvæði – ekki á gildandi aðalskipulagi. Nokkuð gróft efni er í árkeilunni og í Slaufrudal hefur áður verið tekið efni, m.a. í tengslum við jarðgangnaframkvæmdir undir Almannaskarð.
10. Þurrar áreyrar Hólmsár ofan við Einholtsvötn á Mýrum, nýtt efnistökusvæði – ekki á gildandi aðalskipulagi. Svæðið er við væntanlegar veglínur og hefur ekki verið tekið efni á þessum stað áður.

11. Auk þessara svæða sem tilgreid eru í umhverfismatsskýrslu vegna vegar um Hornafjarðarfljót, er gert ráð fyrir að gamalt efnistökusvæði í Almannaskarði verði aftur opnað til efnistöku, svæðið er ekki á gildandi aðalskipulagi.

3. Þverbraut á Hornafjarðarflugvelli.
Þverbraut sem gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi á Hornafjarðarflugvelli er afmáð. Breytt veglína liggur þar um sem suð-vestur-enda þverbrautarinnar eins og hún var fyrirhuguð.
Ástæða þess að þverbrautin er látin víkja fyrir breyttri veglínu er álitsgerð Flugstoða. Þar kemur fram að sú staðsetning og lega þverbrautarinnar sem skipulagið gerði ráð fyrir er óhentug og ólíkleg, mtt. grundunarskilyrða og veðurfars.

Aðalskipulag Hornafjarðar 1998 - 2018
Tillaga að breytingu á uppdráttum :

• Sveitarfélagsuppdráttur – hluti

Hringvegur 1 er sýndur í breyttri legu milli Hólms á Mýrum og Skarðshóla í Nesjum. Vegurinn sveigir til austurs frá núverandi legu á móts við Hólm og liggur milli Árbæjar og Einholts, sunnan við Holtabæi að nýju brúarstæði á Hornafjarðarfljótum til móts við suðurenda Skógeyjar. Vegurinn liggur syðst í Skógey, yfir norðurodda Hríseyjar, um Neðstatanga sunnan við Árnanes, yfir Hrafnsey sunnan við Hornafjarðarflugvöll, og að núverandi vegi milli Hafnar og Nesja á móts við Hafnarnes. Austan Hafnarness að Skarðshólum er vegurinn sveigður lítillega til frá frá fyrri veglínu og lagaður að landslagi og staðháttum.

Þverbraut á Hornafjarðarflugvelli er flutt til norðurs, sbr. Þéttbýlisuppdrátt – Höfn / Nesjahverfi.

Ný efnistökusvæði eru sýnd :
- Á áreyrum og í farvegi Hólmsár, norðan brúar. Á gildandi aðalskipulagi er efnistökusvæði í farvegi Hólmsár, en það verður stækkað lítillega.
- Á þurrum áreyrum Hólmsár ofan við Einholtsvötn á Mýrum.
- Í farvegi Djúpár, milli núverandi brúar og Holtasels. Á gildandi aðalskipulagi er efnistökusvæði í farvegi Djúpár, en það verður stækkað verulega.
- Í aurkeilu í Grjótá (neðar á aurum Grjótár er efnistökusvæði á gildandi aðalskipulagi).
- Í klapparholti á Skógey (norðan við efnistökusvæði sem fyrir er á gildandi aðalskipulagi).
- Í farvegi Hornafjarðarfljóta, milli núverandi brúar og fyrirhugaðrar brúar.
- Í Almannaskarði – í skriðu þar sem áður var tekið efni.
- Á áraurum Fjarðarár, norðan brúar (á aurum sunnan brúar er efnistökusvæði á gildandi aðalskipulagi).
- Í aurkeilu í mynni Slaufrudals.

• Þéttbýlisuppdráttur – Holtabæir

Hringvegur 1 er sýndur í nýrri legu, í suð-austurhorni uppdráttarins.
Gamli vegurinn (núverandi Hringvegur 1) verður innansveitarvegur, og nýja leiðin sem áformuð var til austurs milli bæjanna Holts og Tjarnar er felld út.

• Þéttbýlisuppdráttur – Höfn / Nesjahverfi

Uppdrátturinn hefur verið uppfærður, þe. safnað saman breytingum sem staðfestar hafa verið síðan aðalskipulagið tók gildi.

Veglína Hringvegar 1 breytist og . Vestan Hafnarbrautar (Hornafjarðarmegin) liggur hún um norð-austur-odda Hríseyjar, yfir syðsta odda Neðstatanga og um norðanverða Hrafnsey. Austan Hafnarbrautar (Skarðsfjarðarmegin) er veglínunni hliðrað lítillega og löguð að landslagi milli víkur við Flóa og Skarðshóla.

Gamli vegurinn frá „Hafnarafleggjara“ að Skarðshólum er fjarlægður.

Þverbraut á Hornafjarðarflugvelli er afmáð af skipulagsuppdrætti þar sem hún var sýnd syðst við núverandi flugbraut, en sýnd í nýrri legu, norðar, uþb. Fyrir miðri núverandi flugbraut.